

Lög

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (uppreist æru).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IX. kafla laganna:

- a. Í stað orðanna „allra réttinda, sem fást með uppreist á æru“ í 2. mgr. 84. gr. laganna kemur: þeirra réttinda á ný.
- b. 85. gr. laganna fellur brott.
- c. Fyrirsögn kaflans verður: **Fyrning sakar, brottfall viðurlaga o.fl.**

2. gr.

2. mgr. 238. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. B-liður 1. gr. gildir til 1. janúar 2019.

Samþykkt á Alþingi 27. september 2017.